# Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:
María Hermundsdóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018
Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111
Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126

Í Ráðgjafaþjónustu Krabbameinsfélags Íslands er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á www.krabb.is og í síma 800-4040.



## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.
Auglýsingar berist á netfangið **skeglan@simnet.is** eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.
Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 14. september 2016.
Gjaldskrá: Hálfsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skeglan

*Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir* *Fréttabréf á Langanesi og nágrenni*
*35. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 7. september 2016*

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Í Langanesbyggð eru tveir byggðarkjarna; Þórshöfn og Bakkafjörður.

Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi en í sveitarfélaginu öllu eru rífllega 500 íbúar. Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta. Á staðnum er góður grunnskóli, leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð með sundlaug. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf, s.s. leikfélag, kirkjukór, öflugt ungmennafélag, björgunarsveit, kvenfélag o.m.fl. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

Í sveitarfélaginu eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og tækifæri til stang- og skotveiði.



Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

*Langanesbyggð, Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn*
*www.langanesbyggd.is*

## VILTU BÚA Í ÖFLUGU SVEITARFÉLAGI Í NÁGRENNI VIÐ NÁTTÚRUPERLUR?

### HÆFILEIKARÍKUR REKSTRARSTJÓRI ÓSKAST

Rekstrarstjóri óskast til starfa á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Nausti á Þórshöfn. Leitað er að metnaðarfullum, hugmyndaríkum og kraftmiklum einstaklingi til að takast á við ögrandi og spennandi verkefni.

**Hlutverk rekstrarstjóra eru meðal annars:**

- Að bera ábyrgð á rekstri heimilisins ásamt forstöðumanni hjúkrunar
- Að annast starfsmannamál í samvinnu við forstöðumann
- Að hafa umsjón með skráningu og gagnaskilum
- Að gera fjárhags- og rekstraráætlanir
- Að sjá um kostnaðar- og innkaupaeftirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af stofnanarekstri og starfsmannahaldi
- Menntun á heilbrigðissviði æskileg
- Menntun á sviði rekstrar æskileg
- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæð vinnubrögð, talnaskilningur og rökfesta

Nánari upplýsingar veitir:
Elías Pétursson, sveitarstjóri
S: 468 1220 og 892 0989
elias@langanesbyggd.is

**Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2016, æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**